

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	12.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Sigurður Ingason
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsdóttir/ Einar Friðgeir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins, engin frávik frá starfsleyfi fundust og engar athugasemdir gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitsferðina á fundi og þar rætt um kerleka sem hafði átt sér stað þann 17.maí. Við þennan kerleka hafði neyðarrofa straums fyrir kerlínuna verið sleginn út en við það kom högg á leiðarakerfi Landsnets sem varð til þess að rafmagnslaust varð að hluta til á austurlandi. Einungis kerlína kersins var slegin út en aðrar kerlínur ásamt reykhreinsivirkjum voru enn í fullri virkni. Rætt var í kjölfarið um kerleka en skv. rekstraraðila enda 30-40% af kerum líftíma sinn með kerleka.

Rætt var um gjallsand sem fellur til hjá endurvinnslu verksmiðju Kratus á álgjalli sem verður til hjá Norðuráli. Beðið hefur verið um leyfi til að setja efnið sem safnast hefur upp í flæðigryfju Norðuráls og setur stofnunin sig ekki á móti því.. Hingað til hefur skolgryfja í Helguvík verið notuð áður en efnið hefur verið flutt í flæðigryfjuna en notkun hennar var hætt um áramót. Kratus hefur áformað að bæta við mölun í ferilinn en það verður hinsvegar ekki gert við það efni sem er nú hefur safnast upp.

Rætt var um úrgang en um 75% endurnýting næst hjá rekstraraðila, þá fer um 24% í flæðigryfju og 1% er annar úrgangur. Ef framleiðsluúrgangur er ekki hafður með í heildartölu er óflokkaður úrgangur um 4-6%. Kerbrot eru sett í flæðigryfju en kol eru flutt út til endurvinnslu.

Viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa var rædd en rekstraraðili telur að vel þurfi að fara yfir hvenær við skilgreinum bráðamengun flúormengunar. Það liggur fyrir að þurrhreinsivirki þarf að hafa verið út í einhvern tíma en þetta þarfnast frekari umræðu. Til að láta íbúa á svæðinu vita var rætt um aðferðir s.s. að senda smáskilaboð í fastan lista af farsímum hjá eigendum búsettum í nágrenni álversins.


Rætt var um eignir Norðuráls á lóð GMR endurvinnslunar en fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta fyrr á árinu. Ráðgert er að um 1000 tonn af sameiginlegu efni með álveri Rio Tinto á Íslandi verði flutt út með skipi á næstu vikum og selt erlendis sem brotajárn.

Að lokum var farið í skoðunarferð, byrjað var á því að kanna aðstæður við kerlið sem lak þann 17.maí. Skipt hafði verið um ker og það komið í rekstur aftur. Jafnan tekur það um viku að koma kerli aftur í rekstur eftir kerleka. Þaðan var farið og skoðað geymslu og frágang á álgjalli áður en það er sent til endurvinnslu. Að lokum var farið að reykhreinsivirki skautsmiðju.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.07.2017


Einar Halldórsson